

## **10. stjórnarfundur EBAK haldinn þ. 6. nóvember kl. 16 í Bugðusíðu 1**

Allir stjórnarmenn voru mættir nema Þóra Hjaltadóttir sem tilkynnti forföll

### **Dagskrá:**

#### **1. Heimasíða EBAK**

Gera þarf breytingar á heimasíðu félagsins, svo hún verði aðgengilegri og auðveldari í notkun. Garðar Lárusson og Karl Erlendsson fóru á fund Stefnu sem eru tilbúnir til að búa til nýja heimasíðu þar sem hægt verður að setja inn tölvupósta, félagaskrá, myndir, fréttir og fleira. Gott tilboð kom frá þeim og samþykkt var að taka tilboðinu.

#### **2. Lífsgæðakjarnar**

Vinnuhópur verkefnisins fór með lokaskýrslu hópsins þ. 31. okt. s.l. á fund bæjarráðs þar sem skýrslan fékk mjög góðar viðtökur. Aftur verður fjallað um verkefnið hjá bæjarráði í janúar n.k. og því var svo vísað til skipulagsráðs.

Búið er að gera markaðskönnun vegna hjúkrunarheimilis við Pursaholt. Líklegt er að verkið verði boðið út snemma á næsta ári og fljóttlega eftir það verði farið að vinna að skipulagi almennra íbúða við Pursaholt sem verða líklega um 60.

Líklegt er að skipulag tjaldsvæðisreitsins verði boðið út 2026.

#### **3. Drift EA**

EBAK hefur verið valið í Test drive prógram hjá Drift sem frumkvöðull. Þetta er 4 vikna dagskrá. 15 verkefni voru valin í Test drive prógrammið þar sem þróaðar verða hugmyndir hópanna með aðstoð starfsfólks frá Drift.

Fulltrúi-ar frá stjórn EBAK, Guðmundur Magnússon og 1-2 fulltrúuar húsnæðishópsins munu fara á fyrsta fund Test drive þ. 12. nóvember. Stjórnin lýsti ánægju sinni með verkefnið.

Eins og áður hefur komið fram er Drift óhagnaðardrifið fyrirtæki sem hefur að markmiði að styðja við og efla nýsköpun.

#### **4. Búnaðarkaup í sal**

Eins og oft áður er fjölmenni á fræðslufundum EBAK og húsnæðið er óhentugt og allt of lítið. Einnig er þörf á endurnýjun á tæknibúnaði, (skjávörpum, hljóðnemum og fl.) Stólar eru margir gamrir og illa farnir. Samþykkt var að fela formanni að kanna kaup á tæknibúnaði og 100 nýjum stólum.

#### **5. Bréf til Sjálfsbjargar**

Samþykkt var bréf til stjórnar Sjálfsbjargar þar sem leitað er eftir samvinnu varðandi viðbyggingu við Bugðusíðu 1 m.a. fyrir EBAK.

KEL  
R.H.  
V.L.G.  
M.L.M.  
S.A.H.

## **6.Hraðstefnumót á íslensku**

Kynning verður hjá Símey eftir áramót á þessu verkefni þar sem óskað verður eftir sjálfboðaliðum.

## **7.Félagsfundur 20. nóvember**

Félagsfundur EBAK verður haldinn þ. 20. nóvember í Brekkuskóla og hefst hann kl. 16.

Þar fer fram kynning á starfsemi félagsins. Nefndir, stjórn og sjálfboðaliðar segja frá sínum störfum og rætt verður um húsnæðis- og kjaramál eldri borgara. Í lokin verður hópavínna um starf og stefnu EBAK. Auglýsing kemur í Dagskránni í næstu viku.


## **8.Önnur mál:**

### **Bekkir í Kjarnaskógi**

Ekki hefur borist formlegt svar frá Oddfellowreglunni þar sem EBAK bað um stuðning við kaup á bekkjum í Kjarnaskógi, en samkvæmt óformlegum upplýsingum var því erindi hafnað.

Stjórn EBAK samþykkti að kaupa þrjá bekki í samráði við Ingólf skógarstjóra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17.35. Valgerður Jónsdóttir ritari.

  
Margrét Ólafsdóttir  
margrét Ólafsdóttir  
Karl Þorvaldur  
Karl Elvar Ólafsson